



Endurvígsla mustersins

Þó svo að margir Ísraelsmenn hafi snúið til baka úr útleð sinni frá Babýlon þá urðu þeir ekki sjálfstæð þjóð heldur voru sífellt undir yfirráðum einhverra stjórnþjóða og árið 198 f. Kr. náðu Sírlendingar völdum í Júdeu og Jerúsalem. Til að byrja með lagði Antíokkus III konungur Sírlendinga lága skatta á gyðingana, hjálpaði þeim að byggja upp musteri sitt og gerði margt annað til að þeir gætu iðkað sína eigin trú og unnið störf sín óárettir. Gyðingdómur og hin hellenska menning Sírlendinga þrífust því í friði hlið við hlið.



Vegna erfiðs stríðs við Rómverja var hins vegar farið að halla verulega undan fæti hjá Antíokkusi III þegar hann lést. Eftir að sonur hans Antíokkus IV tók við völdum fór að bera á aukinni spennu milli Sírlendinga og gyðinga í landinu, en hann vildi reyndi að láta gyðinga tilbiðja grísku guðina í musterum sínum. Eftir að gyðingar reyndu að gera uppreisn gegn Sírlendingum sendi Antíokkus IV hermenn sína inn í musterið í Jerúsalem. Þar myrtu þeir fólk, skemmdu musterið, stálu dýrgripum og slöktu á olíuljósunum sem loga eiga dag og nótt sem tákni um nærveru Guðs.

Babýlon var forn stórborg í Tígrisdalnum í Mesopotamíu, nálægt þar sem nú er borgin Baghdad í Írak. Oft er talað um þetta landsvæði sem vöggum siðmenningarinnar.

Sírlendingar voru ein af merkustu stjórnþjóðum fornaldar. Þeir ríktu yfir landsvæði frá Rauða hafinu norður til svæðis þar sem nú er Tyrkland og austur til þar sem nú er Íran.

Musteri er bygging þar sem fólk stundar átrúnað sinn og framkvæmir athafnir honum tengdum.

Hellensk menning er menning undir áhrifum frá Grikkjum en Sírlendingar voru um tíma hluti af Gríska stórveldinu.

Í framhaldi af þessu kom Antíokkus IV á ströngum lögum sem bönnuðu marga siði gyðinga t.d. umskurð, að halda hvíldardaginn heilagan og lestur Lögmálsins. Auk þess opnaði hann musterið í Jerúsalem fyrir allri þjóðinni og kom þar fyrir altari til heiðurs grísku guðunum. Þegar neyða átti gyðinga til að fórna svíni í musterinu fengu þeir meira en nóg. Gyðingar litu svo á að svín væru óhrein dýr og vildu alls ekki fórna þeim í Guðshúsi sínu. Árið 167 f. Kr. flúði hópur gyðinga, undir forystu Júdasar Makkabeus til fjallanna, þar sem þeir földu sig, söfnuðu liði og hófu uppreisn og skæruhernað gegn Sírlendingum. Her gyðinga var miklu minni en her konungsins en þeir trúðu því að Guð mundi vernda þá í baráttunni. Þetta gekk eftir og árið 142. f. Kr. tókst þeim að vinna Jerúsalem aftur á sitt vald og eftir meira en 500 ára ósjálfstæði voru



Róm var mikið heimsveldi frá því 510 f. Kr og til ársins 476 e. Kr. Þegar Róm var sem stærst þá náði það yfir stóran hluta Evrópu, hluta Norður-Afríku og Austurlanda nær.

Grikkir og þjóðir sem þeir höfðu haft áhrif á trúðu á marga guði, s.s. Seif, Hades og Ares.

Þegar drengur er **umskorinn** er skorið framan af húð reðursins (typpisins).

Gyðingar nú aftur sjálfstæð þjóð. Uppreisn þessi sem hefur verið nefnd Makkabeusar uppreisnin í höfuðið á Júdasi Makkabeus.

Þegar gyðingar náðu Jerúsalem aftur og þar með musterinu var það fyrsta sem þeir gerðu að endurvígja musterið og kveikja olíuljósinn aftur. Það var hins vegar ekki olía nema til eins dags og þeir vissu að það tæki átta daga að útvega meiri olíu. Samt var ákveðið að kveikja á lampanum og það ótrúlega gerðist að olían dugði þessa átta daga.

Endurvígsla mustersins og kraftaverksins með olíuljósinn er minnst á ljósahátíðinni (hanukkah) sem stendur í 8 daga. Hægt er að lesa nánar um ljósahátíðina í kaflanum: *Hátíðir > Ljósahátíð*.

Spurningar

1. Hvers vegna jókst spennan milli gyðinga og Sýrlendinga eftir að Antíokkus IV varð konungur?
2. Lýstu aðgerðum Antíokkusar IV eftir misheppnaða uppreisn gyðinga gegn Sýrlendingum.
3. Hvers vegna lögðu gyðingar í bardaga gegn Sýrlendingum þrátt fyrir að her þeirra væri mikið minni?
4. Hvernig gekk þessi uppreisn og hvers vegna hefur hún verið nefnd Makkabeusar uppreisnin?
5. Hvaða kraftaverk gerðist í musterinu eftir að gyðingar höfðu náð Jerúsalem?
6. Hvaða hátíð er haldin til að minnast endurvígslu mustersins?